# Starfsáætlun embættis landlæknis 2023-2024



Embætti landlæknis

## Framtíðarsýn

Góð heilsa og vellíðan landsmanna, byggð á heilsueflingu, forvörnum, aðgengilegri og öruggri heilbrigðisþjónustu, sem styðst við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

## Hlutverk

Stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsueflingu og öflugum forvörnum.

## Gildin okkar

| Ábyrgð | Virðing | Traust |
|---|---|---|
| Við leysum verkefni sem okkur eru falin af metnaði og fagmennsku. Við bendum á það sem betur má fara | Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og hvert fyrir öðru með því að sýna tillitssemi, góðvild og sanngirni | Við ávinnum okkur traust með því að veita áreiðanlega þjónustu og gæta jafnræðis í hvívetna |



| | Áskoranir | Tækifæri |
|---|---|---|
| Ytri þættir | Eftirstöðvar heimsfaraldurs COVID-19 er áfram viðfangsefni heilbrigðisþjónustu og lýðheilsustarfs | Mikilvægt að læra af nýsköpun í verklagi og lausnum í heilbrigðisþjónustu í kjölfar heimsfaraldurs |
| | Biðtími eftir margvíslegri heilbrigðisþjónustu er of langur | Heilbrigðisstefna liggur fyrir en skilgreina þarf frekar hlutverk og verkefni hinna ýmsu stofnana |
| | Byrjunarörðugleikar voru við breytta framkvæmd krabbameinsskimana en staðan hefur batnað | Fjarheilbrigðisþjónusta er í sókn og nýjar áskoranir fylgja, m.a. þarf að þróa eftirlit |
| | Mönnun í heilbrigðisþjónustu er mikil áskorun en vilji stjórnvalda er til að bæta úr | Nýtt greiðslukerfi fyrir sjúkrahús sem byggir á DRG flokkunarkerfi er í innleiðingu og þróun |
| | Uppfæra þarf stefnu í áfengis- og vímuvörnum og í framhaldinu þarf að efla framboð þjónustu | Vinnu við gæðavísa og gæðauppgjör hjá veitendum heilbrigðisþjónustu þarf að fylgja eftir |
| | Leggja þarf meiri áherslu á heilbrigðisþjónustu og heilsueflingu aldraðra | Lýðheilsustefna, sem tekur mið af heilbrigðisstefnu, hefur verið samþykkt |
| | Leggja þarf áherslu á skynsamlega notkun lyfja sem valdið geta ávana og fíkn | Unnið er að því að efla geðheilbrigðisþjónustu |
| | Áfram þarf að leggja áherslu á aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi | Þátttaka í Evrópuverkefnum um aðgerðir vegna langvinnra sjúkdóma, vöktun smitsjúkdóma og miðlun lykilupplýsinga sjúklinga. Þáttaka í aðgerðum gegn sýklalyfjaónæmi. |
| Innri þættir | Heimsfaraldur COVID-19 hafði mikil áhrif á starfsemi embættis landlæknis árin 2020-2022. Málsmeðferðartími hefur lengst og enn er í gangi vinna við viðbragðsáætlanir og mat á áhrifum á lýðheilsu | Í glímunni við heimsfaraldurinn hefur margvísleg þekking og reynsla orðið til hjá öllum sviðum embættisins |
| | Vinnuálag hefur vaxið því verkefni hafa aukist án þess að fjárveitingar hafi fylgt til samræmis | Gögn í heilbrigðisskrám og smitsjúkdómaskrá hafa reynst ómetanleg í tengslum við faraldur COVID-19 |
| | Fjárhagur embættisins er þröngur og bregðast þarf við aðhaldskröfu | Regluleg miðlun margvíslegra upplýsinga og tölfræði hefur verið mikilvæg í faraldri COVID-19 |
| | Ákveðnir þættir laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 eru til endurskoðunar | Áfram er unnið að þróun rafrænnar stjórnsýslu sem og skilvirkni þjónustu almennt |
| | Innleiðing á áætlun um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu er hafin en mikið verk fram undan | Verið er að efla verkefni á sviði rafrænna heilbrigðislausna |
| | Kynna þarf starfsemi embættisins frekar fyrir almenningi | Traust til embættis landlæknis mælist hátt og þarf að viðhalda því |

## Heilbrigðisstefna

### Áherslur

- Markviss vöktun á veitingu heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf henni tengd
- Aukin skilvirkni í eftirliti með heilbrigðisþjónustu
- Víðtæk gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustu
- Markvisst samstarf og samráð við notendur og hagaðila heilbrigðisþjónustu
- Söfnun, notkun og miðlun gagna úr heilbrigðisskrám til ráðgjafar, eftirlits og vísindarannsókna
- Nýsköpun, þróun og innleiðing rafrænna heilbrigðislausna
- Einstaklingar hafi aðgang að eigin heilsufars-upplýsingum og séu virkir þátttakendur í eigin meðferð og heilbrigði

### Aðgerðir

- Þróa nýjar lausnir í eftirlitsstarfi embættisins
- Endurvekja fagráð um sjúklingaöryggi og leita meira til notenda við eftirlit
- Efla enn frekar eftirlit með lyfjaávísunum
- Innleiða samræmda atvikaskráningu um allt land
- Átak í vinnslu kvartanamála
- Endurmat á Áætlun um gæðaþróun
- Endurskoða skráningu slysa og þarfagreina nýja slysaskrá
- Ljúka endurskoðun og innleiðingu lágmarksskráningar í heilbrigðisþjónustu
- Móta stefnu embættisins um heilbrigðisupplýsingar
- Taka þátt í endurskoðun lagaákvæða um heilbrigðisskrár og miðlægar heilbrigðislausnir
- Staðla lýsigögn um breytur í heilbrigðisskrám og auðvelda aðgengi
- Byggja upp innviði fyrir fjarheilbrigðisþjónustu
- Ljúka innleiðingu á miðlægu lyfjakorti
- Þróa nýja skimunarskrá sem einnig styður við ristilskimanir
- Vinna að Lífsskrá og miðlægu snjókorni
- Vinna að rafrænni miðlun lykilupplýsinga sjúklinga innan Evrópu
- Færa fræðsluefni af vef embættisins á Heilsuveru

## Lýðheilsustefna

### Áherslur

- Markviss vöktun á heilsu, líðan og heilsuhegðun
- Unnið að velsældarhagkerfi og lýðheilsumati
- Heilsueflandi sveitarfélög, skólar, vinnustaðir, eldri borgarar og þjónusta
- Heildstætt símat á heilsueflandi starfi
- Miðlun upplýsinga um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu
- Stuðningur við heilsueflandi starf með viðeigandi gögnum
- Forvarnir krabbameina og annarra langvinnra sjúkdóma

### Aðgerðir

- Greina og birta upplýsingar úr Heilsa og líðan 2022
- Innleiða velsældarhagkerfi og lýðheilsumat
- Gera velsældaráætlun til að bæta líðan og draga úr einmanaleika ungs fólks
- Halda Velsældarþing 2023 og 2024
- Vinna með heilsugæslu að heilsueflandi þjónustu og tengja við heilsueflandi samfélög
- Styðja við innleiðingu á skimun og stuttu inngripi í heilsugæslu vegna áfengisvanda
- Vinna að auknu heilsulæsi, m.a. í gegnum Heilsuveru og nýta fjölbreytta samfélagsmiðla
- Vekja athygli á mikilvægi svefns
- Hefja vinnu við endurskoðun ráðlegginga um mataræði og næringarefni fyrir Ísland
- Kynna upplýsingaveitu sem inniheldur góð dæmi um heilsueflingu og forvarnir
- Fylgja eftir aðgerðaáætlun um sjálfsvígsforvarnir
- Gefa út og innleiða ráðleggingar um heilsueflingu og forvarnir í skólum
- Taka þátt í mati á áhrifum loftslagsbreytinga á heilsu og líðan
- Taka þátt í Evrópuverkefni til að draga úr tíðni krabbameina og annarra langvinnra sjúkdóma
- Vitundarvakning um skaðsemi nikótíns

## Sóttvarnir

### Áherslur

- Vöktun smitsjúkdóma og alvarlegra heilsufarslegra afleiðinga eitur- og geislavirkra efna, sem ógna almannaheill
- Öflugar forvarnir gegn smitsjúkdómum
- Miðlun áreiðanlegra upplýsinga til almennings og heilbrigðisstarfsfólks
- Markvissar almennar bólusetningar
- Undirbúningur og samhæfing viðbragða við heilbrigðisógnum
- Vöktun sýklalyfjanotkunar og sýklalyfjaónæmis

### Aðgerðir

- Efla vöktun alvarlegra smitsjúkdóma og miðlun upplýsinga
- Auka við fræðslu til almennings og heilbrigðisstarfsfólks um sýkingavarnir
- Bregðast við aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma; uppfæra leiðbeiningar, efla fræðslu og bæta aðgengi að greiningarprófum
- Vinna með heilsugæslunni að aukinni þátttöku í almennum bólusetningum
- Endurskoða og uppfæra viðbragðsáætlanir
- Þverfagleg samvinna um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi í anda *Einnar heilsu*
- Vinna með læknum að skynsamlegri notkun sýklalyfja

## Innra starf

### Áherslur

- Ábyrgð, virðing og traust í starfi embættisins
- Skilvirk stjórn fjármála
- Þróa áfram rafræna stjórnsýslu hjá embættinu
- Öflug öryggis- og gæðastjórnun
- Styrkja embættið sem heilsueflandi vinnustað

### Aðgerðir

- Vinna markvisst með gildi embættisins að leiðarljósi
- Taka þátt í norrænu og Evrópusamstarfi sem stuðlar að símenntun starfsfólks
- Fylgjast með trausti almennings til embættisins
- Koma á vefgáttum til umsókna um starfsleyfi og tilkynningar um rekstur
- Birta skrá yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu
- Koma á vefgáttum vegna kvartana yfir heilbrigðisþjónustu og vegna alvarlegra óvæntra atvika í heilbrigðisþjónustu
- Styrkja gæða- og öryggiskerfi embættisins
- Ljúka við innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri
- Gera starfsmannakannanir með reglubundnum hætti
- Vinna áfram að skilvirku samstarfi milli sviða
- Innleiða gátlista um heilsueflingu á vinnustaðnum

# Árangursmat 2023-2024

| Markmið | Mælikvarði | Stöðumat | Staðan 2022 | Markmið 2023 | Markmið 2024 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Heilbrigðisstefna** | | | | | |
| Endurvekja og starfrækja fagráð um sjúklingaöryggi | Fagráð starfandi | 1 x ári | -- | Endurvekja fagráð | Starfrækja fagráð |
| Áhættumiðaðar úttektir | Fjöldi úttekta | 2 x á ári | -- | 5 | 5 |
| Lyfjaávísanaeftirlit byggt á frumkvæðisnotkun lyfjagagnagrunns | Fjöldi frumkvæðisnotkunar | 2 x á ári | -- | 5 | 5 |
| Innleiða miðlæga atvikaskráningu á öllum heilbrigðisstofnunum | Fjöldi heilbrigðisstofnana | 2 x ári | Aðlögun kerfis og prófanir | Innleitt á 4 stofnunum | Innleitt á 6 stofnunum til viðbótar |
| Auka öryggi í lyfjanotkun með notkun á miðlægu lyfjakorti | Taka lyf að staðaldri eiga miðlægt lyfjakort, % | Árlega | Undirbúningur og prófanir | 50% | 80% |
| Staðla lýsigögn um breytur í heilbrigðisskrám | Birting á vef embættisins | Árlega | Undirbúningur | Tvær heilbrigðisskrár | Lykil heilbrigðisskrár |
| Auka framboð á rafrænum lausnum í heilbrigðisþjónustu fyrir almenning | Fjöldi innskráninga á *Mínar síður* á Heilsuvera.is | Árlega | 6,7 milljónir | 10% aukning | 10% aukning |
| Þarfagreina og undirbúa nýja slysaskráningu | Stöðluð skráning slysa innan heilbrigðisþjónustu | Árlega | Ákvörðun um breytingar | Skilgreining breyttrar skráningar | Breyting á skráningarkerfum |
| **Lýðheilsa** | **Mælikvarði** | **Stöðumat** | **Staðan 2022** | **Markmið 2023** | **Markmið 2024** |
| Rannsóknin Heilsa og líðan á Íslandi | Birting niðurstaðna á vef embættis landlæknis | Árlega | Framkvæmd rannsóknar | Gagnahreinsun og fyrstu niðurstöður birtar | Frekari greining gagna og birting m.a. um ójöfnuð |
| Virkni og notkun gátlista heilsueflandi samfélaga | Virkni og notkun gátlista heilsueflandi samfélaga | Virkni samfélaga í vefkerfinu heilsueflandi.is | 45% | 50% | 60% |
| Verkfærakista með verkefnum heilsueflandi starfs | Kynning og fjöldi verkefna | Árlega | Undirbúningur | Kynning | |
| Innleiða lýðheilsumat | Birting á vef embættis landlæknis | Árlega | Undirbúningur | Framkvæmd | Innleiðing |
| **Sóttvarnir** | **Mælikvarði** | **Stöðumat** | **Staðan 2022** | **Markmið 2023** | **Markmið 2024** |
| Bólusetningar gegn COVID-19 og inflúensu | Þátttaka | Árlega | Þátttaka 80% | Þátttaka áhættuhópa 70% | Ekki ákveðið |
| Auka þátttöku í almennum bólusetningum 1 og 4 ára barna | Hlutfallsleg þátttaka | Árlega | Í vinnslu | 95% | 95% |
| Vinna gegn útbreiðslu kynsjúkdóma | Fjöldi - nýgengi | Árlega | Aukning frá fyrra ári | Fækkun um 10% | Fækkun um 10% |
| Uppfæra og æfa viðbragðsáætlanir | Fjöldi | Árlega | Í vinnslu | Æfingar gerðar og uppfærsla hafin | Æfingar gerðar og uppfærsla í gangi/lokið |
| Hvetja til skynsamlegrar notkunar sýklalyfja utan sjúkrahúsa | Notkun – fjöldi ávísana á íbúa | Árlega | Ávísunum fjölgaði | Ávísunum fækki um 10% | Ávísunum fækki um 10% |
| Efla vöktun á notkun sýklalyfja á heilbrigðisstofnunum | Hlutfall stofnana sem sendir gögn með sjálfvirkum hætti | Árlega | Gögn ekki send með sjálfvirkum hætti | Hefja verkefni um sjálfvirkar sendingar | Gagnaflutningur hafinn |
| **Innra starf** | **Mælikvarði** | **Stöðumat** | **Staðan 2022** | **Markmið 2023** | **Markmið 2024** |
| Fylgjast reglulega með trausti almennings til embættisins | Mikið/mjög mikið traust, % | Árlega | 74% | 84% | >80% |
| Starfsánægja | Hlutfall ánægðra | Árlega | 86% | >90% | >90% |
| Veikindafjarvistir | Veikindadagar sem % starfsdaga | 4 x ári | 5,9% | 5% | <5% |
| Vefgátt og stafræn samskipti vegna starfsleyfa og rekstrarheimilda, atvika og kvartana | Komið í gagnið | 3 x ári | Undirbúningur | Útgáfa starfsleyfa þeirra sem ljúka námi á Íslandi að fullu rafræn | Vefgáttir vegna starfsleyfa og kvartana |